

Um fóðrun mjólkurkúa – Ólafur Jónsson dýralæknir - 2006

Súrdoði er stórt vandamál hér á landi bæði sem dulinn og sýnilegur og enda eru flestar nytháar kýr í neikvæðu orkujafnvægi eftir burð. Á síðustu vikum geldstöðunnar minnkar átgeta kýrinnar samtímis sem fóðurþarfir vaxa. Það er því mikilvægt að auka orkustyrk fóðursins, en það er best gert með því að byrja að gefa kúnum kjarnfóður síðustu 10-14 dögum fyrir burð.

Í flestum tilvikum eru bændur að gefa kúnum sem nemur um 2 kg af kjarnfóðri á dag. Líklegast er betra að stytta þann tíma sem kúnum er gefið kjarnfóður fyrir burðinn niður í 5 - 7 daga, en auka kjarnfóðurgjöfina hraðar og ná þannig kúnum upp í hámarks kjarnfóðurgjöf fyrir en ella. Með því að stytta þennan undirbúningstíma má búast við auðveldari burði og minni holdasöfnun hjá kúnum.

Alhliðablandan inniheldur hátt hlutfall af maís, en stór hluti sterkjunnar í maís fer ómeltur í gegnum vömbina og brotnar niður í glúkósa í mjóginri. Þar með sparast orka auk þess sem áhrif á sýrustig vambarninnar minnka. Aukin kjarnfóðurgjöf skömmu fyrir burðinn þegar átgeta kýrinnar er í lágmarki og eins að fylgja kúnni vel eftir með kjarnfóðri þegar hún er borin hafa jákvæð áhrif á afurðir og heilsufar.

En þrátt fyrir aukna kjarnfóðurgjöf eru margar hámjólka kýr enn í neikvæðu orkujafnvægi á fyrstu vikum mjaltaskeiðsins. Auðveldasta leiðin til að auka orkustyrk fóðursins er að bæta í fitu, en þar með er ekki öll sagan sögð. Aukin fita virðist draga úr átgetu og eins hafa óæskileg áhrif á starfsemi vambarinnar. En hægt er að hafa fitusamsetninguna með þeim hætti og eins meðhöndla hana þannig að hún hafi ekki þessi óæskilegu áhrif.

Bústólpi hefur nú á boðstólum slíka fitu sem er steipt í 40 kg fötur og ætluð nýbærum til að fá viðbótarroku og þar með rétta af orkuójafnvægið sem kýrnar eru í nýbornar. Þessi afurð nefnist Easylick og samanstendur >97% af löngum ómetturdum fitusýrum (C>16), Bergafat®, sem hafa bræðslupunkt yfir líkamshita kýrinnar og eru auk þess varðar í kalsíumsalthjúp. Fitan fer því nánast óniðurbrotin í gegnum vömbina án þess að hafa skaðleg áhrif á starfsemi vambarinnar. Fitan brotnar síðan algjörlega niður í mjóginri og gefur kúnni mikið af auðmeltri orku sem nýtist beint. Í fötunum er einnig nauðsynleg stein-, og snefilefni auk þess melassi til að auka lystugleikann.

Fitusýrur eru langar keðjur af misjafnlega mörgum kolefnisatómum. Um helmingur allrar fitu í mjólkinni er myndaður í júgranu sjálfu, 40-45% af fitunni kemur frá fóðrinu sem kýrin étur og afgangurinn kemur til sem niðurbrot líkamsfitu. Mest af fitunni sem júgrað myndar er mettuð fita þar sem júgurvefurinn hefur ekki nauðsynlega efnahvata til að mynda fitusýrur sem eru með fleiri en 16 kolefnisatóm. Lengri fitusýrur verða því að koma með fóðrinu.

Þá hóf Bústólpi sölu á orkublöndu sem nefnist **PROTECT Strong** og innihledurblóðsykurshækkandi efni og er því fyrirbyggjandi gegn súrdoða. Blandan inniheldur einnig nauðsynleg vítamín s.s. E-vítamín sem er nauðsynlegt nýbærum. Byrjað er á að gefa blönduna kúm og kvígum hálfum mánuði fyrir áætlaðan burð og síðan áfram 6 til 8 vikur fram á mjaltaskeiðið. Hverjum grip er gefið 1/2 kg í mál samtímis með kjarnfóðrinu

Steinefni með beitinni

Það er nauðsynlegt að gefa kúm og geldneytum steinefni með beitinni. Nýleg dönsk rannsókn sýndi að kvígur sem sem fengu steinefnablöndu með beitinni voru með 30 % meiri vaxtarauka, en kvígur sem engin steinefni fengu. Svænsk rannsókn frá árinu 1991 sýndi að kvígur sem fengu granúleraða

steinefnablöndu samanborið við kvígur sem fengu bara alhliða saltstein uxu 13 % hraðar auk þess sem þessar kvígur héldu marktækt betur.

Við fengum sérfræðinga Lactamin í Svíþjóð til að blanda sérstaklega fyrir okkur granúleraða blöndu sem nefnist "**Effekt Midi Island**", en við gerð hennar var byggt á upplýsingum frá Mõðruvöllum og BSE um efnasamsetningu algengustu grastegunda og hirðingarsýna. Þá höfum við á boðstólum box fyrir þessa steinefnablöndu, en boxin rúma 25 kg og standa vel í haga og verja blönduna fyrir vætu. Þá vil ég minna einnig á nauðsyn þess að gefa geldneytum ormalyf.

Höf. Ólafur Jónsson dýralæknir